

Kæru nemendur í 2. bekk

Það styttest í að við höldum peysufatadaginn ykkar hátíðlegan **fimmtudaginn 26. mars**. Á þessum degi klæðast nemendur í 2. bekk þjóðbúningum og syngja og dansa úti um borg og bý. Þetta er ávallt mikill gleðidagur og af mörgum fyrrverandi nemendum skólans talinn einn eftirminnilegasti skóladagurinn þegar þau líta til baka yfir Kvennaskólaárin sín.

Við gerum ráð fyrir að halda **kynningarfund og söngæfingu** nokkuð snemma í mars og svo nokkrar dans- og söngæfingar í framhaldinu (haldnar strax eftir skóla). Þetta verður allt auglýst nánar þegar nær dregur.

Ef þið eruð ekki búin að því nú þegar er um að gera að huga að **klæðnaði dagsins**. Löng hefð er fyrir því að nemendur klæðist íslenskum búningi af einhverju tagi og finnið þið á heimasíðunni fróðlegar [upplýsingar um algenga búninga](#). Þið mættuð annars mjög mörg á búningakynninguna sem haldin var á haustönn og eruð nú þegar nokkuð fróð um íslenska búninga af mismunandi gerðum. Minnt skal á að þið getið líka valið að klæðast á þjóðlegan máta, t.d. í [lopapeysu og dökkar buxur](#). Þar að auki er velkomið að vera í [þjóðbúningum frá öðrum löndum](#). Það gerir daginn enn fjölbreyttari og glæsilegri. **Engin ykkar ættu að láta fataleysi koma í veg fyrir þátttöku** á þessum skemmtilega og eftirminnilega degi, **ÖLL eru hvött til að vera með**.

Einhver ykkar geta væntanlega fengið **lánaða** búninga hjá ættingjum eða vinum, þeir leynast víða á heimilum, sérstaklega kvenbúningar. Mörg kjósa að **leigja** búning og við vitum af fjórum aðilum sem bjóða upp á þjóðbúningaleigu. Flest hafa leitað til **Þjóðdansafélagsins** í gegnum árin enda er úrvalið mest hjá þeim en einnig á **Þjóðbúningaleiga Kolfinnu Sigurvinsdóttur** töluvert af búningum, sem og **Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar**. Jafnframt hefur **Glímusamband Íslands** nokkra [karlabúninga](#) til leigu. Nánari upplýsingar um þessar leigur eru hér fyrir neðan (uppl. birtar með fyrirvara um að eitthvað gæti hafa breyst hjá leigunum).

Bestu kveðjur,

Margrét Helga Hjartardóttir, frönskukennari við Kvennaskólann og umsjónarkona peysufatadagsins

Ath. Það flýtir fyrir pöntunum að þið gefið upplýsingar um **hæð og mittismál** þegar þið hafið samband við leigurnar, einnig **símanúmer** ef þið hafið samband með pósti.

Þjóðdansafélagið Álfabakka 14a Félagið vill afgreiða allar pantanir í gegnum tölvupóst . Senda á póst með fyrirspurn og fá tíma í máttun: thjoddans@gmail.com Félagið vill taka fram að það getur tekið tíma að fá svar, verið þolinmóð og hinkrið eftir svari. Það er óhætt að hafa samband sem fyrst við Þjóðdansafélagið.	Þjóðbúningaleiga Kolfinnu Sigurvinsdóttur s: 893 8949, Efstasundi 37 Facebooksíða kolfinnasig@gmail.com (Kolfinna óskar eftir að pantanir berist í síma eða með pósti frá og með 25. febrúar 2026)
Glímufélag Íslands gli@glima.is (einungis er tekið við pöntunum í gegnum þennan póst. Ath. eingöngu KARLABÚNINGAR).	Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar s: 568 5606, Ásgarði 1 Facebooksíða sollaveiga@simnet.is (óhætt að hafa samband í síma eða með pósti þegar hentar).